# Vélstjórafélag Íslands - Akureyrardeild

Afhending 1021/4

Vélstjórafélag Íslands var stofnað árið 1909. Það hét þá Gufuvélagæslumannafélag Reykjavíkur. Nafninu var breytt í Vélstjórafélag Íslands á þriðja áratugnum þar sem gamla nafnið þótti ekki ná yfir nægilega vítt svið.

Félagið hafði höfuðstöðvar í Reykjavík, en ýmis landshlutafélög voru stofnuð á svipuðum tíma, t.d. Vélstjórafélag Akureyrar sem var stofnað 1919.

Vélstjórafélag Akureyrar var hinsvegar lagt niður árið 1967 eftir þó nokkra lægð í starfi félagsins og Vélstjórafélag Íslands tók að sér að semja við útgerðarmenn fyrir hönd eyfirskra vélstjóra.

Árið 1988 var lokið við að byggja hús verkalýðsfélaganna að Strandgötu 14 á Akureyri. Vélstjórafélag Íslands opnaði þar skrifstofu til að þjóna betur vélstjórum á Norðurlandi. Skrifstofan var rekin í samvinnu við Skipstjórafélag Norðlendinga og síðar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Skrifstofan var lögð niður með öllu árið 2002. Árið 2006 sameinuðust Vélstjórafélag Íslands og Félag járniðnaðarmanna og mynduðu Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM).

Afhendingin kom frá Guðmundi Steingrímssyni, fyrrverandi starfsmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en gögnin voru innan um gögn frá Skipstjóra- og stýrimannafélagi Norðlendinga. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
4. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|

## C-Bókhald

### CA-Bókhald - almennt 1979 - 1993

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| CA | 1 | 1 | 1982 - 1985 | Iðgjaldabók |
| CA | 1 | 2 | 1985 - 1988 | Iðgjaldabók |
| CA | 1 | 3 | 1988 - 1990 | Iðgjaldabók |
| CA | 1 | 4 | 1990 - 1993 | Iðgjaldabók |
| CA | 1 | 5 | 1979 - 1985 | Skipstjórafélag Norðlendinga og Vélstjórafélag Íslands: Rekstur sameiginlegrar skrifstofu |

## E-Félagsmenn

### EA-Félagsmenn - almennt 1995 - 2002

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| EA | 1 | 1 | 1995 - 2001 | Vélstjórafélag Íslands - félagatöl |
| EA | 1 | 2 | 1995 - 2002 | Vélstjórafélag Íslands - atvinnurekendur |